



## Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 8. maí 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Andri Hnikarr Jónsson, Kristín Hálfánardóttir, „ Árni Jón Eggertsson, Steinn Einarsson.,  
*Afboð og mættu ekki:*, Stefán Jóhannesson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson og, Svandís Þorsteinsdóttir

### Dagskrá

- Næsta keppnistímabil
- Daniele og landslið
- Útsendingar frá blaki
- Fjármál
- Val á liði ársins
- Önnur mál

Ath. Birta Björnsdóttir boðuð á fundinn kl. 18.00, 2. tilraun

### Fundargerð

#### Næsta keppnistímabil

- Mikil umræða var um það hvort ætti að gerbreyta innheimtu þátttökugjalda. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar sem snerust m.a. um það að færa dómara á milli landshluta. Að lokum var niðurstaðan sú að það þyrfti meiri tíma til þess að móta tillögurnar og kynna þær fyrir félögnum.

#### Útsendingar frá blaki

- Alls óvíst verður með útsendingar frá SportTv næsta vetur. Oz hefur kynnt hugmyndir um útsendingar frá íþróttaviðburðum og þar með blaki. Ákveðið var að taka hugmyndum þeirra með opnum huga og vinna áfram með þær.

#### Daniele og landslið

- Landsliðsnefnd vinnur hörðum höndum að því að ráða nýjan þjálfara fyrir kvennalandsliðið eftir að Daniele sagði stöðu sinni lausri fyrir skömmu.

#### Fjármál

- Staðan er frekar þröng og þörf á því að framlengja yfirdráttarlán. Tekjur eru í lágmarki á þessum árstíma.

#### Val á liði ársins

- Lið ársins verður kynnt í E sal ÍSÍ föstudaginn 11. maí.

#### Önnur mál

- BLÍ þarf að senda fulltrúa á hefðbundinn vinnufund NEVZA sem verður haldinn í Gautaborg 9.- 11. júní.
- Endurskoðuð útgáfa af siðareglum var kynnt. Nokkur umræða var um málið. Eðli máls samkvæmt verður horft til ÍSÍ í sambandi við heildarstefnu í þessum málum.
- Samkvæmt ákvörðun ársþings var Birta Björnsdóttir boðuð á fundinn til þess að ræða siðareglur. Góð umræða var um málið og m.a. talað um að búa til viðmið fyrir félögin varðandi verklag í málum sem geta heyrt undir siðanefnd. Gott er að leita í smiðju norsku íþróttasamtakanna í því sambandi. Einnig þarf að búa til vettvang til þess að hægt sé að tilkynna brot.

Fleira var ekki rætt á fundinum.